

# **Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Skógafoss**

**VERK- OG TÍMAÁÆTLUN**

Ágúst 2017

## FORSENDUR

Samkvæmt 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er eitt af hlutverkum Umhverfisstofnunar að hafa umsjón með gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði.

Forgangsröðun stjórnunar- og verndaráætlana er uppfærð reglulega og má sjá hana á vefsíðu Umhverfisstofnunar, [www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is), undir „Forgangsröðun áætlana“.

Náttúruvættið Skógafoss er þar ofarlega í forgangi.

Skógafoss og aðrir fossar í Skógaá ásamt næsta nágrenni árinna er friðlýst náttúruvætti skv. auglýsingu í Stjórnartíðindum B. nr. 477/1971.

Markmiðið með friðlýsingunni er að vernda Skógafoss og aðra fossa í Skógaá ásamt nánasta umhverfi árinna.

Svæðið er 1, 84 ferkm að stærð og mörk þess eru skilgreind í ofangreindri auglýsingu.

Samkvæmt auglýsingu skal umsjón náttúruvættisins vera í höndum náttúruverndarnefnda Rangárvallasýslu sem samþykkja fyrirkomulag útivistar í samráði við Umhverfisstofnun.

Tækifæri svæðisins eru m.a. fólgin í:

- ~ að tengja saman verndun náttúrunnar og nýtingu til útivistar
- ~ að vernda og viðhalda náttúrulegu ástandi
- ~ fræðslu og upplýsingagjöf til almennings
- ~ gerð deiliskipulags
- ~ landvörslu og eftirliti með svæðinu

Í samstarfshópi um svæðið sitja:

- Guðbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- Hákon Ásgeirsson, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- Ísólfur Gylfi Pálmason, fulltrúi Rangárbings eystra
- Benedikt Benediktsson, fulltrúi héraðsnefnda Rangárvalla og Vestur-Skaftafellssýslu
- Benedikt Benediktsson er einnig fulltrúi náttúruverndarnefnda Rangárvallasýslu

## ALMENNT UM VERKEFNIÐ

Stjórnunar- og verndaráætluninni er ætlað að fjalla um markmið verndunar svæðisins og hvernig stefnt skuli að því að viðhalda verndargildi þess.

Umhverfisstofnun hefur unnið stefnumótun um gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði og verður hún höfð til hliðsjónar við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættið Skógafoss. Gert er ráð fyrir að gildistími hennar verði 10 ár og að með fylgi aðgerðaáætlun til 5 ára. Að 5 árum liðnum verður aðgerðaáætlunin endurnýjuð og uppfærð. Umhverfisstofnun, sveitarfélagi og landeigendum verður þó heimilt að taka ákvörðun um

endurskoðun áætlunarinnar, verði þess þörf, áður en gildistíminn er liðinn. Stefnt er að því að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar verði lokið í febrúar 2018.

Í stefnumótuninni er lögð áhersla á samráð og samstarf, að stjórnunar- og verndaráætlanir séu einfaldar og upplýsingar settar fram á auðskiljanlegan máta. Stjórnunar- og verndaráætlunin sjálf verður því ekki umfangsmikil og megin áhersla verður lögð á gildi svæðisins, markmið verndunar, aðgerðir og verndarráðstafanir en nánari upplýsingar um svæðið verða aðgengilegar á heimasíðu Umhverfisstofnunar, [www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is).

Stjórnunar- og verndaráætlun er alla jafna skipt í eftirfarandi kafla en er staðfærð og aðlöguð því svæði sem áætlun er unnin fyrir.

## **Aðgerðaáætlun**

### **1. Inngangur**

- 1.1. Leiðarljós og markmið
- 1.2. Eignarhald og umsjón
- 1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi
- 1.4. Verndargildi svæðisins
- 1.5. IUCN verndarflokkun (markmið verndunar)

### **2. Lýsing á svæðinu**

- 2.1. Mörk svæðisins
- 2.2. Náttúruminjar – jarðminjar, gróður og dýralíf
- 2.3. Menningarminjar
- 2.4. Landnotkun
- 2.5. Innviðir
- 2.6. Ferðaþjónusta og útivist
- 2.7. Rannsóknir og vöktun
- 2.8. Kynning og fræðsla
- 2.9. Tengsl við grannsvæði
- 2.10. Öryggismál

### **3. Markmið, stefna og leiðir**

- 3.1. Svæðisskipting
- 3.2. Náttúruminjar
- 3.3. Menningarminjar
- 3.4. Landnotkun
- 3.5. Innviðir
- 3.6. Ferðaþjónusta og útivist
- 3.7. Rannsóknir og vöktun
- 3.8. Kynning og fræðsla
- 3.9. Innri starfsemi
- 3.10. Öryggismál
- 3.11. Flugvélar, þryllur og ómönnuð loftför.

Þá mun einnig fylgja stjórnunar- og verndaráætluninni sérstök aðgerðaáætlun en í henni verða tímasett markmið og aðgerðir fyrir friðlandið.

## UMSJÓN MEÐ VERKEFNINU

Verkefnastjórn og ritstýring stjórnunar- og verndaráætlunarinnar mun vera í höndum fulltrúa Umhverfisstofnunar, en fulltrúar landeigenda og Rangárbings eystra munu taka virkan þátt í gerð hennar. Gert er ráð fyrir að haldnir verði nokkrir fundir á verktíma auk þess sem samskipti munu fara fram með tölvupóstum.

## SAMRÁÐ OG UPPLÝSINGAGJÖF

Samráð og upplýsingagjöf er lykillinn að því að sátt skapist um stjórnunar- og verndaráætlun svæðanna. Gert er ráð fyrir að helstu hagsmunaaðilar verði upplýstir um gerð áætlunarinnar og stefnt er að því að birta reglulega upplýsingar á heimasíðu Umhverfisstofnunar um framgang vinnunnar.

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið verða síðan auglýst til athugasemda fyrir almenning í sex vikur og þá gefst öllum kostur á að senda inn athugasemdir. Nánari upplýsingar um samráð má sjá í samráðsáætlun fyrir verkefnið.

## VERK- OG TÍMAÁÆTLUN

Meginþættir verkefnisins eru:

1. Undirbúningur
2. Lýsing á svæðinu
3. Stefnumótun, markmið og aðgerðir.
4. Greining á aðgerðum
5. Kynningarferli
6. Úrvinnsla athugasemda
7. Útgáfa

### *1. áfangi: Undirbúningur.*

*Tími: maí – ágúst 2017.*

- Unnið að undirbúningi stjórnunar- og verndaráætlunarinnar.
- Óskað eftir tilnefningum í samstarfshóp og hann skipaður.
- Samstarfshópur fundar og lagðar línur fyrir áframhaldandi vinnu.
- Samráðsaðilar tilgreindir.
- Verk- og tímaáætlun lögð fram.
- Bréf send til samráðsaðila sem tilgreindir eru í samráðsáætlun.
- Upplýsingar settar á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

**Afurð:** Tilbúin verk- og tímaáætlun og samráðsáætlun til birtingar á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Samráðsaðilar upplýstir um að vinna við gerð áætlunarinnar sé hafin.

### *2. áfangi: Lýsing á svæðinu.*

*Tími: maí – ágúst 2017.*

- Teknar verða saman bakgrunnslýsingar fyrir svæðið. Einnig verður tekið saman efni til birtingar á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

**Afurð:** Drög að 1. og 2. kafla stjórnunar- og verndaráætlunarinnar auk ítarefnis.

### **3. áfangi: Stefnumótun, markmið og aðgerðir.**

*Tími: ágúst - september 2017.*

- Unnin drög að 3. kafla áætlunarinnar. Samstarfshópurinn mun vinna að stefnumótun svæðisins, setja fram markmið og aðgerðir. Unnið að hluta til samhliða áfangi 2.
- Unnin drög að kortum eftir þörfum.

**Afurð:** Drög að 3. kafla stjórnunar- og verndaráætlunarinnar og kort af svæðinu.

### **4. áfangi: Greining á aðgerðum.**

*Tími: september - október 2017.*

- Þær aðgerðir sem lagðar voru til í 3. áfangi eru greindar, þeim forgangsraðað og sett tímamörk. Drög að aðgerðaáætlun unnin.
- Opinn kynningarfundur, samráðsaðilar boðaðir. Haldinn seinni hluta september-byrjun október.
- Drög að áætlun í yfirllestur hjá Umhverfisstofnun.
- Unnið úr athugasemdum.

**Afurð:** Drög að aðgerðaáætlun. Kynningarfundur.

### **5. áfangi: Kynningarferli í 6 vikur.**

*Tími: október - nóvember 2017.*

- Drög að stjórnunar- og verndaráætlun yfirfarin hjá Umhverfisstofnun.
- Drögin auglýst á heimasíðu Umhverfisstofnunar og sveitarfélagsins.
- Almennungi gefinn kostur á að leggja fram athugasemdir. Kynningarferlið stendur í 6 vikur.
- Bréf send til samráðsaðila og þeim bent á að kynningarferlið sé hafið.

### **6. áfangi: Úrvinnsla athugasemda, lokaafgreiðsla.**

*Tími: nóvember - desember 2017.*

- Unnið úr þeim athugasemdum sem berast í kynningarferlinu.
- Unnin greinargerð þar sem gerð er grein fyrir athugasemdum sem bárust á kynningartíma og þeim svarað.
- Afgreiðsla stjórnunar- og verndaráætlunar hjá Umhverfisstofnun.
- Lokafrágangur á áætlun og fylgiskjölum, prófarkalestur.

**Afurð:** Lokaútgáfa stjórnunar- og verndaráætlunar. Einnig greinargerð.

### **7. áfangi: Útgáfa**

*Tími: desember 2017- febrúar 2018*

- Stjórnunar- og verndaráætlun send umhverfis- og auðlindaráðherra til undirritunar.
- Stjórnunar- og verndaráætlun gefin út og birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar og Rangárþings eystra.